

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022,**  
**iðnaðarsvæði I15, Galtalæk.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 2. maí 2014 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, sem samþykkt var í sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 10. apríl 2014.

Breytingin felst í að 1 ha landbúnaðarsvæði er breytt í iðnaðarsvæði I15 fyrir fiskeldi allt að 200 tonn á ári og er sett fram með breytingu á sveitarfélagsuppdrætti og greinargerð.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 2. maí 2014.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

---

*Ottó Björgvin Óskarsson.*